

Valur Sveinsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. apríl 2014
Tilvísun: UST20140200209/ksj

Breyting á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, sveitarfélagsuppdráttur, Eyri í Reyðarfirði, hafnar- og iðnaðarstarfsemi, skipulags- og matslýsing.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 24. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027.

Staðsetning tillögunsvæðis

Ofangreind breytingartillaga nær til svæðis á eyðijörðinni Eyri við sunnanverðan Reyðarfjörð. Tillaga er um að afmarka iðnaðar- og hafnarsvæði í breyttu aðalskipulagi og að þar verði staðsett aðstaða fyrir flutningastarfsemi og aðra hafnsækna starfsemi.

Umhverfismat


Í umfjöllun um áherslur væntanlegs umhverfismats breytingartillögunnar ætti einnig að fjalla um áhrif á lífríki í strandsjó og áhrif á lífríki á landssvæðinu er tillagan nær til.


Umhverfisstofnun bendir á varðandi viðmið fyrir vatnafar, sjó og strandlengju að á heimasíða Umhverfisstofnunar er að finna stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands. **Íslensk lög lögð til grundvallar viðmiðum**

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að bæta eftirfarandi lögum og reglugerðum við: Lög nr.33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda Einnig telur stofnunin heppilegt að hafa eftirfarandi reglugerðir í huga: Reglugerð nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda og reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Ef áætlað er að geyma bensín eða önnur rokgjörn efni í landi þá er gott að athuga eftirfarandi reglugerð: Reglugerð nr. 252/1999 um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymsluá bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva.

Viðfangarfullt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun